

**Þingsályktun**

**um hert eftirlit með verðlagi, innkaupsverði og álagningu.**

Alþingi ályktar að í þeim ráðstöfunum, sem ríkisstjórnin hefur gert í kjölfar nýgerðra kjarasamninga til að herða eftirlit með verðlagi og álagningu, verði lögð áhersla á að fylgjast með innkaupsverði vöru erlendis.

*Samþykkt á Alþingi 22. apríl 1986.*